RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

18. Miðstjórnarfundur RSÍ
haldinn föstudaginn 14. nóvember 2005

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Niðurstaða endurskoðunarnefndar.
GG kynnti niðurstöðu endurskoðunarnefndar ASÍ/SA. Ólafur Darri hagfræðingur ASÍ fer nánar yfir málið á trúnaðarmannaráðstefnunni.

3.Dagskrá trúnaðarmannaráðstefnu.
Lögð fram dagsskrá, ásamt rekstraáætlunum fyrir sjóði RSÍ en hún verður kynnt á trúnaðarmannaráðstefnunni.

4. ADSL tengingar miðstjórnar.
Lagt fram tilboð í ADSL tengingar til RSÍ.

5. Merking á Stórhöfðanum.
Lagðar voru fram hugmyndir að merkingum á Stórhöfðanum. Ákveðið að merkja húsið.

6. Önnur mál.
Rætt um tilboð í húseign sambandsins á Selfossi, ákveðið að taka tilboði ef það væri í samræmi við gangverð.

Kveðjur frá Handverkarafélaginu í Færeyjum og umræður um heimsóknir þeirra.

Orlofsnefnd lagði fram hugmyndir að breytingu i orlofskerfinu. Þar er helst að teknar verði upp umsóknir tvisvar á ári um vetrarleigu fyrir Varmahlíð og stóra húsið við Apavatn, síðan verði dregið úr potti. Þetta er vegna þess að vinsælustu staðirnir fara strax og leigutímabil opnar en þeir sem ekki geta komið strax hafa ekki möguleika. Þær helgar sem eftir verða verður úthlutað eins og verið hefur.

Boðin verði þrif á stóra húsinu við Apavatn að notkun lokinni, ef leigutaki vilji ekki greiða þá er það í lagi ef hann skilar húsinu hreinu annars verður reikningur sendur til hans.
Reglurnar samþykktar.

Ákveðið að kanna það á trúnaðarmannaráðstefnu hvort taka ætti íbúð á leigu í Kaupmannahöfn.

Lögð fram gögn um meðallaun. Rafkonur eru stöðugt að draga á kallana ef tekið er tillit til vinnutíma.

Farið yfir kynningu á margmiðlunardiskur

Haukur Ágústsson.

Útgefið af Rafiðnaðarsambandi Íslands í janúar 2006
Ábm. Guðmundur Gunnarsson